

Rio Tinto á Íslandi hf,
ISAL
Straumsvík
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður
T +354-560-7000
isal@isal.is

Persónuverndarstefna er varðar umsækjendur um störf hjá ISAL

Rio Tinto á Íslandi hf. (einnig vísað í „ISAL“, „fyrirtækið“ eða „okkar“) kappkostar að tryggja vernd persónuupplýsinga og að vinnsla þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Þessi persónuverndarstefna á við um persónuupplýsingar tengdar starfsumsóknnum sem berast til fyrirtækisins. Tilgangurinn með stefnu þessari er að upplýsa umsækjendur (einnig vísað til „þín“) um störf hjá fyrirtækinu hvernig og hvers vegna fyrirtækið safnar persónuupplýsingum og hvernig þær eru meðhöndlaðar.

1. Tilgangur

ISAL leggur áherslu á að vernda persónuupplýsingar þínar þegar sótt er um starf hjá fyrirtækinu. Þessi persónuverndarstefna á við um persónuupplýsingar tengdar starfsumsóknnum sem berast ISAL. Í persónuverndarstefnu þessari er að finna upplýsingar um hvers vegna ISAL safnar persónuupplýsingum og hvernig þær eru meðhöndlaðar. Persónuverndarstefnan byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2. Hvað eru persónuupplýsingar og vinnsla þeirra?

Persónuupplýsingar eru sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling; þ.e upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Vinnsla persónuupplýsinga vísar til aðgerðar eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki.

3. Persónuupplýsingar sem ISAL safnar og vinnur

ISAL safnar og vinnur ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur starfa hjá fyrirtækinu. Mismunandi persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka umsækjendur og kann söfnun og vinnsla persónuupplýsinga að fara eftir eðli þess starfs sem sótt er um. Persónuupplýsingar sem safnað er frá umsækjendum geta t.d. verið:

- Nöfn;
- netföng;
- símanúmer;
- heimilisföng;
- ljósmyndir;
- starfsferill;
- menntun;
- upplýsingar úr sakaskrá og/eða vanskilaskrá (í tengslum við nánar tilgreind störf)
- aðrar upplýsingar sem umsækjendur kunna að deila með ISAL eða opinberlega, s.s. um tímstundir og áhugamál.

Komist umsækjandi áfram í viðtal vinnur ISAL jafnframt með þær upplýsingar sem fram koma um umsækjanda í því viðtali og eftir atvikum frá meðmælendum.

ISAL vinnur að meginstefnu til aðeins með persónuupplýsingar sem umsækjendur afhenda félaginu en ISAL kann þó að afla jafnframt upplýsinga frá meðmælendum og skoða upplýsingar sem umsækjandi hefur birt opinberlega. ISAL hefur þá stefnu að biðja ekki um viðkvæmar persónuupplýsingar frá umsækjendum um störf, ef frá eru taldar upplýsingar sem koma fram í læknisskoðun sbr. nánar 4. gr. í þessari stefnu, eftir því sem við á. Við biðjum

Rio Tinto á Íslandi hf,
ISAL
Straumsvík
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður
T +354-560-7000
isal@isal.is

umsækjendur því að veita engar upplýsingar sem teljast viðkvæmar þegar sótt er um starf, t.d. um kynþátt/þjóðerni, stjórnmálaskoðanir, trúar- eða lífsskoðanir, aðild að stéttarfélagi, heilsu eða kynhneigð.

4. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga umsækjenda hjá ISAL

Þeir umsækjendur sem boðið er starf hjá ISAL þurfa að gangast undir og standast læknisskoðun. Þetta er gert til þess að ganga í úr skugga um að viðkomandi sé hæfur til þess að sinna tilteknu starfi. Vinnsla þessara persónuupplýsinga fer fram á grundvelli beiðni umsækjanda að gera ráðningasamning við ISAL auk þess sem vinnslan er nauðsynleg til að meta vinnufærni starfsmanns. Skoðunin er framkvæmd af heilbrigðisstarfsmanni sem bundinn er þagnarskyldu.

5. Í hvaða tilgangi er persónuupplýsingum umsækjanda safnað og unnið með þær?

ISAL notar persónuupplýsingar umsækjanda um störf til að leggja mat á hæfni viðkomandi í nánar tiltekið starf, leggja mat á umsóknina og sannreyna réttmæti umsagna og annara upplýsinga sem umsækjandi hefur veitt. Við notum svo upplýsingarnar til að þess að svara umsókninni, boða umsækjanda til viðtals ef við teljum hann koma til greina í laust starf. Þegar óskað er eftir upplýsingum um innhald sakaskrár og eða upplýsingum úr vanskilaskrá, í ákveðin störf, byggir sú vinnsla á lögmætum hagsmunum ISAL.

Vinnsla ofangreindra persónuupplýsinga fer fram á grundvelli beiðni umsækjanda um að gera ráðningasamning við ISAL.

ISAL skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum umsækjanda sinna sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum er einungis safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi. ISAL skuldbindur sig til þess að tryggja að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar.

6. Viðtakendur persónuupplýsinga

Aðeins þeir starfsmenn ISAL sem koma að ráðningarferli fá aðgang að persónuupplýsingum tengdum starfsumsóknnum.

Í sumum tilvikum nýtur ISAL sér þjónustu ráðningarskrifstofu í ráðningarferli. Í slíkum tilvikum kann umsóknargögnum að vera miðlað til viðkomandi ráðningarskrifstofu.

ISAL kann að miðla persónuupplýsingum um umsækjendur um störf til þjónustuaðila s.s. þeirra sem reka hugbúnaðarkerfin sem notuð eru hjá ISAL. Ofangreindir þjónustuaðilar eru bundnir trúnaði.

ISAL kann enn fremur að afhenda löggæsluþjónuðum og öðrum þar til bærum þriðju aðilum persónuupplýsingar um umsækjendur ef fyrirtækinu ber skylda til þess vegna réttarkrafna eða samkvæmt lögum.

7. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Hjá ISAL er lögð rík áhersla á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga. Fyrirtækið hefur því gripið til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að verja gögn starfsumsækjenda gegn t.d gagnatapi, misnotkun eða óheimilum aðgangi. Reglulega eru gerðar breytingar á öryggisráðstöfunum fyrirtækisins til þess að mæta nýjustu tækniþróun.

8. Varðveisla persónuupplýsinga

ISAL leitast við að varðveita persónuupplýsingar einungis eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar nema annað sé heimilt eða skylt lögum samkvæmt.

Umsóknir um störf eru varðveittar í gagnagrunni okkar í 6 mánuði eftir að viðkomandi hefur lagt inn umsókn um starf. Ef af ráðningu verður eru umsóknargögnin varðveitt samkvæmt persónuverndarstefnu starfsmanna fyrirtækisins.

9. Réttindi umsækjenda varðandi vinnslu persónuupplýsinga sem ISAL vinnur

Umsækjendur eiga rétt á að fá upplýsingar um og aðgang að þeim persónuupplýsingum er varðar þá sjálfa og ISAL hefur undir höndum. Umsækjendur eiga rétt á að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu

Rio Tinto á Íslandi hf,
ISAL
Straumsvík
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður
T +354-560-7000
isal@isal.is

persónuupplýsinga, sem byggð er á samþykki þeirra, hvenær sem er. Þeir eiga einnig rétt á að óska eftir að láta leiðréttta, eyða eða takmarka vinnslu slíkra persónuupplýsinga eða andmæla slíkri vinnslu. Í ákveðnum tilvikum geta þeir einnig átt rétt á flutningi persónuupplýsinga sem þeir hafa látið ISAL í té til annars ábyrgðaraðila. Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus og kunna að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum.

10. Fyrirspurnir umsækjenda og kvörtun til Persónuverndar

Ef umsækjendur vilja fá nánari upplýsingar vegna þessarar persónuverndarstefnu, hafa áhyggjur af vinnslu eða varðveislu fyrirtækisins á persónuupplýsingum sínum eða vilja nýta réttindi sín samkvæmt 9. tölulið stefnunnar skal hafa samband við tengilið fyrirtækisins vegna persónuverndar (personuvernd@isal.is) sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina viðkomandi.

Ef umsækjandi er ósáttur við vinnslu fyrirtækisins á persónuupplýsingum hans getur viðkomandi sent erindi til Persónuverndar (personuvernd.is)

11. Samskiptaupplýsingar

Rio Tinto á Íslandi hf.
ISAL
Straumsvík 222 Hafnarfjörður
Sími: +354-5607000

12. Breytingar

ISAL áskilur sér rétt til þess að breyta persónuverndarstefnu þessari sem þurfa þykir. Verði gerðar efnislegar breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður uppfærð útgáfa stefnunnar kynnt á vef fyrirtækisins.

Persónuverndarstefna þessi var sett dags. 17.1.2019